

Bríet Bjarnhéðinsdóttir

160 ára minning

Á þessu ári er þess minnst að 160 ár eru frá fæðingu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur. Bríet var einn af frumkvöðlum baráttunnar fyrir jafnri stöðu kynjanna á Íslandi.

Hún fæddist þann 27. september 1856 að Haukagili í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu og var dóttir Kolfinnu Snæbjörnsdóttur og Bjarnhéðins Sæmundssonar, vinnuhjúanna á bænum. Bríet var fyrsta barn þeirra og elst fjögurra systkina. Þremur árum eftir fæðingu Bríetar fluttist fjölskyldan að Böðvarshólum í Vesturhópi í Vestur-Húnavatnssýslu og þar ólst Bríet upp.

Bríet hélt til Reykjavíkur haustið 1884 og árið 1885 skrifaði hún blaðgrein fyrst íslenskra kvenna sem birtist í *Fjallkonunni* og 30. desember árið 1887 hélt hún fyrst íslenskra kvenna opinberan fyrirlestur fyrir fullu húsi í Góðtemplarahúsinu. Fyrirlesturinn nefndist „Um hagi og réttindi kvenna“. Í fyrirlestrinum talaði hún um kvenfrelsi og nauðsyn þess að konur menntuðu sig til að öðlast sjálfstæði.

Árið 1888 giftist hún eiginmanni sínum Valdimari Ásmundssyni, ritstjóra *Fjallkonunnar*, og eignaðist með honum börnin Laufeyju og Héðin. Bríet stofnaði mánaðarritið *Kvennablaðið* árið 1895 og ritstýrði því í 25 ár. Hún ritstýrði einnig *Fjallkonunni* um tíma eftir lát Valdimars og gaf út *Barnablaðið* í nokkurn tíma.

Bríet var frumkvöðull að stofnun Kvenréttindafélags Íslands (KFRÍ) í janúar 1907 og var félagið stofnað á heimili hennar af henni sjálfri og fjórtán konum sem þar höfðu safnast saman. Bríet var ein af fyrstu fjórum konum til að vera kjörnar í bæjarstjórn Reykjavíkur árið 1908 og gegndi stöðu bæjarfulltrúa í alls níu ár. Hún var fyrsta konan til að bjóða sig fram til Alþingis árið 1916. Bríet hlaut riddarakross Hinnar íslensku fálkaorðu árið 1928.

Bríet andaðist 16. mars 1940, 84 ára gömul. Enginn einn Íslendingur átti meiri þátt í því að íslenskar konur fengu lagalegt jafnrétti á við karla. Hún ruddi brautina, mótaði stefnuna og stjórnaði sjálf baráttunni.

